



Malsnr: R14010193
Skjalasafn Ráðhúss
20. apríl 2015

Reykjavíkurborg
Dagur B. Eggertsson, borgarsjóri
Ráðhúsinu
101 Reykjavík

INNANRÍKISRÁÐUNEYTIÐ

Sölvhólsgötu 7 101 Reykjavík
sími: 545 9000 bréfasími: 552 7340
postur@trr.is

innanrikisraduneyti.is

tréfalykill: 600

Reykjavík 17. apríl 2015
Tilv.: IRR15040106/17.19.0

Efni: Framkvæmdir á svæði Valsmanna

Í tilefni af leyfi sem Reykjavíkurborg hefur veitt til framkvæmda á svæði Valsmanna við Hlíðarenda vill innanríkisráðuneytið koma eftirfarandi athugasemdum á framfæri.

Ljóst er að framangreindar framkvæmdir, sem framkvæmdaraðili hefur nú byrjað á, eru undanfari frekari uppbyggingar og byggingaframkvæmda á svæðinu sem ekki getur orðið af að óbreyttum skipulagsreglum Reykjavíkurflugvallar. Samkvæmt gildandi skipulagsreglum, sem samþykktar voru af samgönguráðherra og birtar í Lögbirtingarblaðinu 7. ágúst 2009, eru hindranaflétir á aðflugslínunum að flugbrautum vallarins, þ.m.t. flugbraut 06/24. Sú uppbygging sem fyrirhuguð er á svæði Valsmanna er innan þess svæðis sem skipulagsreglurnar ná til og því óheimilt að reisa mannvirki sem ná upp fyrir þá fleti, sbr. 2. mgr. 59. gr. laga nr. 60/1998 um loftferðir.

Samgöngustofa hefur nú til umfjöllunar möguleg áhrif lokunar flugbrautar 06/24. Jafnframt liggur fyrir að verkefnisstjórn um könnun á flugvallarkostum, sem starfar undir formennsku Rögnu Arnadóttir, hefur ekki lokið störfum. Á meðan niðurstöður nefndarinnar liggja ekki fyrir og ekki hafa verið teknar ákvarðanir á grundvelli tillagna hennar verður flugbraut 06/24 ekki lokað eða aðrar ákvarðanir teknar sem leiða til þess að flugbrautin verði tekin úr notkun.

Í ljósi framangreindra atriða var með öllu ótímabært að gefa út framkvæmdaleyfi og hefja framkvæmdir á þeim grundvelli. Ráðuneytið skorar á Reykjavíkurborg að virða gildandi skipulagsreglur og þá stjórnsýslumeðferð sem er í gangi fyrir Samgöngustofu.

Ólöf Nordal. Ragnhildur Hjaltadóttir

Ólöf Nordal

Ragnhildur Hjaltadóttir